

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið.

Skrifstofa landgæða

Samráðsgátt - ([https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3293](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3293)).

Neskaupstað, 26. október 2022

Umsögn Samtaka náttúrustofa um *Grænbók um líffræðilega fjölbreytni íslenskra vistkerfa*

Hér á eftir fer sameiginlegt álit forstöðumanna náttúrustofa sem eiga aðild að Samtökum náttúrustofa (SNS). Þrátt fyrir að *Grænbókin* sé að flestu leyti vel unnin telja Samtök náttúrustofa að skerpa þurfi á eftirfarandi atriðum:

1	Fræðsla og upplýsingagjöf	1
2	Stofnanir sem tengjast líffræðilegri fjölbreytni.....	2
3	Loftslagsaðgerðir og líffræðileg fjölbreytni.....	2
4	Ágengar framandi tegundir.....	3
4.1	Minkur.....	4
5	Hjáveiði	4
6	Nýting þangs og þara	5
7	Truflun dýralífs	5
8	Skýrari löggjöf	6
9	Önnur atriði sem ástæða er til að skoða nánar	6
	Lokaorð	8

1 Fræðsla og upplýsingagjöf

Líffræðileg fjölbreytni er undirstaða vistkerfa og samfélaga manna. Engu að síður hefur hugtakið lítið verið í umræðu á Íslandi undanfarin ár og ekki verið áhersluatriði í stefnu og framkvæmd íslenskra stjórnvalda. Þess vegna fagna Samtök náttúrustofa (SNS) því ákaft að stjórnvöld hafi komið af stað nýrri stefnumótun varðandi líffræðilega fjölbreytni og binda miklar vonir við framhaldið á þeirri vinnu.

Grænbók um líffræðilega fjölbreytni íslenskra vistkerfa (hér eftir *Grænbókin*) er mjög góð byrjun á stefnumörkun stjórnvalda. Þar eru reifuð fjölmörg atriði sem tengjast líffræðilegri fjölbreytni og

undirstrikar umfjöllunin hversu víðfeðmt hugtakið er og hversu víða þarf að innlima það í almenna starfsemi stjórnkerfisins, þar á meðal skipulagsáætlanir sveitarfélaga. Til að svo verði þarf stóráttak í fræðslu um líffræðilega fjölbreytni og hlutverk hennar á öllum skólastigum og til almennings, eins og fram kemur í *Grænbókinni*. Þetta hefur til þessa verið vanrækt og krefst einskis minna en stóráttaks á landsvísu og í framhaldi af því viðvarandi fræðslu og upplýsingagjöf til almennings. Skortur á fræðslu undanfarin ár endurspeglar í viðtækum rangfærslum og útúrsnúningi í almennri umræðu, t.a.m. varðandi landnotkun og framandi ágengar tegundir.

2 Stofnanir sem tengjast líffræðilegri fjölbreytni

Í *Grænbókinni* er talsvert fjallað um þær íslensku stofnanir sem tengjast líffræðilegri fjölbreytni. Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) er ein af höfuðstofnunum hvað þetta varðar en umfjöllun vantar um náttúrustofurnar, sem starfa samkvæmt sömu lögum og NÍ. Umfjöllun um þær er þessi: „*Náttúrustofur hafa einnig skilgreint hlutverk samkvæmt sömu lögum*“ og er þar vísað til laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Í lögnum segir m.a. að „*[h]elstu hlutverk náttúrustofu eru ... að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúruverndarsóknir, ... að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði, ... [og] að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verkswiði stofunnar.*“ Samstarf NÍ og náttúrustofa hefur verið gott og mjög vaxandi undanfarin ár, ekki síst í gegnum verkefnið *vöktun náttúruverndarsvæða*, sem hefur sýnt fram á mikilvægi og hagkvæmni slíks samstarfs. SNS telja að fjalla ætti sérstaklega um náttúrustofurnar og þeirra hlutverk í kafla 1.2 í *Grænbókinni*, enda búa náttúrustofurnar yfir mikilli þekkingu og gögnum um náttúru Íslands og eru mikilvægur hluti þess stofnanaumhverfis sem hefur hlutverk varðandi líffræðilega fjölbreytni. Í því samhengi má benda á að heildarfjöldi starfsfólks á náttúrustofum er svipaður og heildarfjöldi starfsfólks NÍ.

Í upptalningu stofnana í kafla 3.1 á bls. 30 um þróun fjárheimilda vantar að nefna náttúrustofur.

3 Loftslagsaðgerðir og líffræðileg fjölbreytni

Grænbókin fjallar um mikilvægi þess að samræma aðgerðir gegn loftslagsvánni við stefnu og aðgerðir til að vernda líffræðilega fjölbreytni. Þetta er mjög mikilvægt atriði sem gera mætti enn hærra undir höfði. Um þessar mundir er t.a.m. mikill þrýstingur á að auka skógrækt með framandi tegundum, sem unnið getur gegn líffræðilegri fjölbreytni á heimsvísu, og að stórauka umfang vindorkuvinnslu, sem einnig getur minnkað líffræðilega fjölbreytni vegna neikvæðra áhrifa á fuglalíf og gróður. Mikilvægt er að kröftum verði ekki varið í aðgerðir á einu sviði sem vinna gegn markmiðum og aðgerðum á öðru sviði.

4 Ágengar framandi tegundir

Ágengar framandi tegundir eru á meðal allra helstu ógna við líffræðilega fjölbreytni á heimsvísu^{1,2} og setur *Grænbókin* ágengar framandi tegundir réttilega fram sem eina af helstu áherslunum varðandi stefnumótun um líffræðilega fjölbreytni.

Í fylgiskjali I með *Grænbókinni* má sjá að mjög lítið hefur verið gert hér á landi varðandi ágengar framandi tegundir frá því eldri stefnumótun var sett fram árið 2008 - ef frá er skilið að sett var reglugerð um losun kjölfestuvatns árið 2010. Framfylgd/eftirlit með framkvæmd hennar virðist þó vera í skötulíki.

Málefni framandi ágengra tegunda hafa verið vanrækt á Íslandi líkt og málefni líffræðilegrar fjölbreytni almennt. Það sést m.a. á því að Íslendingar eru eftirbátar þeirra landa sem við berum okkur oftast saman við varðandi löggjöf, skipulag og framkvæmdir aðgerða gegn ágengum tegundum. Þetta er eitt af því sem fram kemur í nýbirttri vísindagreini um tjón af völdum ágengra tegunda á Norðurlöndum.³ Samtök náttúrustofa vonast til að sú vinna sem nú er hafin með útgáfu *Grænbókarinnar* haldi áfram af krafti og verði til þess að Ísland komist á svipaðan stað og nágrannarþjóðir okkar.

Á nokkrum stöðum í *Grænbókinni* er vísað til lista yfir ágengar framandi tegundir hér á landi en SNS benda á að í raun sé slíkur listi ekki til. Væntanlega er þarna vísað til lista sem tekinn var saman á vegum NOBANIS-verkefnisins en sá listi er um margt ófullkominn og hefur ekki verið uppfærður í mörg ár. Eitt af brýnustu verkefnum fram undan varðandi framandi ágengar tegundir er einmitt að gera faglegt, vísindalegt áhættumat á öllum framandi tegundum á Íslandi, þar sem rýnihópur vistfræðinga myndi meta líkurnar á ágengi þeirra. Þetta hefur aldrei verið gert hér á landi. Fyrirmynd að slíkri flokkun má m.a. finna í Noregi.^{4,5} Útkoma vinnunnar yrði m.a. uppfærður listi yfir ágengar framandi tegundir á Íslandi, sem nýta þyrfti sem grunn fyrir forgangsroðun aðgerða gegn ágengum og mögulega ágengum framandi tegundum.

Skerpa þarf á umfjöllun um ágengar framandi tegundir og kveða á um að útbúin verði heildarstefna í málaflokknum, sem taki til:

- Innflutnings - viljandi og óviljandi: Kortlagning, vöktun og fyrirbyggjandi aðgerðir.
- Vöktun framandi tegunda – annars vegar á nýjum tegundum og hins vegar á þeim sem rótgrónar eru.
- Viðbragðsáætlana sem m.a. kveða á um viðbrögð við innflutningi og ábyrgð mismunandi stofnana.
- Tegundalista – reglulegrar uppfærslu lista yfir framandi og ágengar tegundir.
- Stjórnun ágengra tegunda og mótvægisáðgerðir til að minnka tjón.

¹ <https://www.science.org/doi/10.1126/science.1187512>

² <https://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/brv.12627>

³ <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0301479722019478?dgcid=author>

⁴ <https://link.springer.com/article/10.1007/s10530-019-02033-6>

⁵ <https://artsdatabanken.no/fremmedartslista2018>

- f) Endurheimt svæða eða innlendra stofna sem hafa orðið fyrir skemmdum af völdum ágengra tegunda.
- g) Skipulagðrar skráningar á kostnaði vegna ágengra tegunda.
- h) Almenningsfræðslu.

Grænbókin minnst á hluta þessari atriða en Samtök náttúrustofa telja nauðsynlegt að taka á málaflokknum á heildrænan hátt.

Huga þarf vel að skilgreiningu á ágengum framandi tegundum og hvenær grípa eigi til aðgerða gegn þeim. Ef beðið er eftir að tegund valdi tjóni er oft of seint að grípa til aðgerða. Því er betra að líta á getu hennar til að breiðast út í íslensku vistkerfi og horfa þá m.a. til reynslu annarra þjóða af tegundinni.

4.1 Minkur

Gerð er athugasemd við að ekki sé fjallað nægjanlega um mink⁶ í samantekt Náttúrufræðistofnunar Íslands (fylgiskjal III), í ljósi þess að um er að ræða eina ágengustu tegund í Evrópu⁷ og lykiltegund í vistkerfi strand- og votlendissvæða á Íslandi – tegund sem að öllum líkindum hefur haft áhrif á líffræðilega fjölbreytni víða um land. Náttúrustofa Vesturlands fékk styrk frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til að vakta stofninn í tvö ár (2019-2020) en þar fyrir utan hefur engin vöktun á stofninum farið fram. Úr því þarf augljóslega að bæta og er ekki rétt að tala um að eiginleg vöktun hafi farið fram, líkt og gert er í texta fylgiskjalsins. Náttúrustofa Vesturlands hefur engu að síður stundað talsverðar minkarannsóknir undanfarna ríflega tvo áratugi.⁸ Því er fyrir hendi allgóð þekking á stofnvistfræði og stofnlíffræði tegundarinnar, öfugt við það sem haldið er fram í fylgiskjalinu. Einnig er gerð athugasemd við að Umhverfisstofnun meti árangur við að takmarka tjón af völdum minka með því að skoða fjölda veiddra minka á ári (bls. 24 í *Grænbókinni*). Fjöldi veiddra minka segir mjög lítið til um árangurinn. Heldur ætti að mæla hann í því hvernig veiðarnar stuðla að minna tjóni. Þetta er best gert með því að stunda vöktun á þeim tegundum sem helst verða fyrir barðinu á minknum. Hvernig gengur stofnum þeirra? Þetta eru t.d. teista, flórgoði, endur og fiskar í ám og vötnum. Margar þessara tegunda eru illa eða ekki vaktaðar á Íslandi. Einnig mætti skrá betur afkomu æðarvarpa og orsakir og umfang tjóns sem þau verða fyrir.

5 Hjáveiði

Hjáveiði eða meðafli getur ógnað líffræðilegri fjölbreytni. Á það er minnst hvað varðar það að selir veiðist stundum í net og að það sé einn af þeim þáttum sem ógna selastofnunum, einkum landsel. Ekki er önnur umfjöllun um hjáveiði, þrátt fyrir að hún geti verið veruleg ógn við fjölda annarra tegunda. Þetta geta verið tegundir sem ekki eru nýttar, þar á meðal sjávarspendýr og fiskar, ungvíði nytjategunda og margar tegundir sjófugla, sem sumar eru á válista. Einnig má nefna vatnafugla á svæðum þar sem netaveiði er stunduð. Ekki má svo gleyma meðafla í botnplóga, sem oftast eru

⁶ Minkur ber latneska heitið *Neogale vison*, áður *Mustela vison* og *Neovison vison*. Rangt er farið með latneskt heiti tegundarinnar á bls. 67 í *Grænbókinni*.

⁷ <https://besjournals.onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/1365-2664.12427> og fylgiskjöl.

⁸ <https://nsv.is/ritaskra/>

hryggleysingar. Sá meðafli getur verið hátt hlutfall heildarafla og ógnað líffræðilegri fjölbreytni, auk þess sem botnplógar geta valdið óafturkræfum skemmdum á náttúrulegum búsvæðum á hafsbotni. Mikilvægt er að taka betur á þessari ógn.

6 Nýting þangs og þara

Á nokkrum stöðum í *Grænbókinni* er talað um þara og þaraskóga, þar sem nákvæmara væri að tala um þörungum og þörungaskóga eða þang- og þara(skóga). Þangnýting er nær öll bundin við nýtingu klóþangs í fjörum en útbreiðsla þara nær frá stórstraumsfjörumörkum niður á um 30 metra dýpi. Mikilvægt er því að gera greinarmun á þangi og þara en bæði þang- og þaraskógar einkennast m.a. af mikilli framleiðslu og líffræðilegri fjölbreytni.

Í kafla 3.5.4 á bls. 65 er ágætt umfjöllun um þörungannýtingu. Þar vantar þó að tengja umræðuna við sjálfbærni. Við nýtingu sjávarþörungum virðast einkum horft til þess að miða við að nýting viðkomandi nytjategundar sé sjálfbær ef afli á sóknareiningu minnkar ekki. Þetta er þó ekki endilega sjálfbær nýting vegna þess að stórþörungar eru líka mikilvægt búsvæði fyrir fjölmargar aðrar tegundir, sem þangað sækja í fæðu og skjól. Þar fyrir utan eru þörungarnir mikil uppspretta lífræns grots sem síðar nýta sem fæðu. Þörungaskógar gegna auk þess mikilvægri vistkerfisþjónustu með bindingu kolefnis, ásamt því að verja land gegn ágangi sjávar. Það að gjörbreyta búsvæðinu með slætti hefur a.m.k. tímabundin áhrif en ekki er vitað hvort þau hafa stofnáhrif hjá einhverjum af þeim tegundum sem eru háðar þessu búsvæði. Rannsaka þarf kerfið sem heild (vistkerfisnálgun) áður en hægt er að meta hvort um sjálfbæra nýtingu sé að ræða.

Á bls. 51 kemur fram að “... engin vöktun [hefur] átt sér stað á lífríki hafsbotsins...” Þetta er áhugavert og nokkuð sem þyrfti að breytast. Einnig tengist þetta öðru mikilvægu atriði, sem er að litlar rannsóknir hafa farið fram á lífríki grunnsævis, sérstaklega á því svæði sem er á minna en 20 metra dýpi. Þetta er jafnframt mjög mikilvægt svæði fyrir ungviði margra nytjategunda Íslendinga og fæðuslóð ýmissa sjófugla, andfugla og vaðfugla (fjörur). Á þessum landsvæðum vantar sárlega bæði grunnrannsóknir og vöktun á líffræðilegri fjölbreytni.

7 Truflun dýralífs

Truflun af ýmsu tagi getur haft talsverð áhrif á dýralíf. Sem dæmi má nefna að á síðustu árum hefur ferðamennska stóraukist og vilja ferðamenn komast í nálægð við villt dýr. Þetta getur valdið dýrunum talsverðri streitu og haft áhrif á dreifingu, æxlunarárangur og lífslíkur. Rannsóknir skortir á þessu sviði en þær rannsóknir sem þegar hafa farið fram gefa vísbendingar um að þetta geti haft neikvæð áhrif á landseli og refi og vel má hugsa sér að á komandi árum aukist álag á viðkvæmar tegundir, t.d. ránfugla við hreiður. Þetta atriði þarf að draga betur fram.

8 Skýrari löggjöf

Í flestum tilfellum kemur vilji löggjafarvaldsins skýrt fram í lögum er varða náttúruvernd en ýmis vandamál hafa komið upp þegar beita á lögunum til að vernda það sem lögin eiga að vernda. Fjölmörg dæmi eru um slíkt. Eitt þeirra tengist 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, sem kveður á um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja. Undir það falla t.d. „*sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré*“. Til að þetta ákvæði verði almennilega virkt þarf að kortleggja nákvæmlega hvaða svæði þetta á við um. Hversu þétt, hávaxið eða gamalt þarf birki að vera til að uppfylla þessi skilyrði og njóta verndar? Þetta er aðeins eitt af fjölmörgum dæmum um að skýra þarf lög er varða náttúruvernd til að þau skili markmiðum sínum og veiti raunverulega vernd. Annað slíkt dæmi eru lög um vernd Breiðafjarðar. Markmið laganna og vilji löggjafarvaldsins virðist skýr en engar útfærslur eru í lögunum, þannig að erfitt er að skilgreina hvers konar inngrip mannsins séu í raun brot á lögunum.⁹ Hér er nefnt eitt dæmi til viðbótar, sem snertir hina framandi og mögulega ágengu tegund kanínu. Eins öfugsnúið og það hljómar, þá veita lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 framandi ágengum tegundum vernd og koma í einhverjum tilfellum í veg fyrir aðgerðir til að fyrirbyggja eða stöðva tjón af þeirra völdum.¹⁰ Nauðsynlegt er að sett verði ný villidýralög sem byggja á niðurstöðum nefndar sem tók lagalega og stjórnsýslulega stöðu villtra dýra til skoðunar,¹¹ auk þess að bæta úr öllum þeim atriðum sem bent er á í skýrslunni. Það myndi bæta stöðu villtra dýra og þar með vernd líffræðilegrar fjölbreytni verulega hér á landi.

Sem hluta af því að íslensk löggjöf veiti líffræðilegri fjölbreytni í raun vernd, þá þarf að fara yfir og skýra lög er varða náttúruvernd. Um þetta er m.a. talsvert fjallað í Villidýraskýrslunni varðandi mál villtra fugla og villtra spendýra.¹²

9 Önnur atriði sem ástæða er til að skoða nánar

- a) Í kafla 1.3.1 á bls. 15 stendur: „Stefnt er að því að fundurinn verði haldinn sumarið 2022.“
- b) Í kafla 1.3.3 á bls. 18 stendur um Ramsarsvæði: „... verndarsvæði blesgæsa í Andakíl við Hvanneyri ...“ Mikilvægur hluti af verndargildi svæðisins tengist einmitt mikilvægi þess fyrir blesgæsir en svæðið fór þó á Ramsarskrána vegna fleiri þátta, þar á meðal fjölbreytts og mikilvægs votlendis og að svæðið, þar á meðal víðáttumiklar leirur, er búsvæði fyrir fjölmargar aðrar fuglategundir.¹³
- c) Á nokkrum stöðum í *Grænbókinni* er minnst á verndarsvæði í sjó við Ísland og að hér hafi þegar verið vernduð 14 svæði í sjó. Langflest þessi svæði eru örsmá og þekja samtals um 0,07% af efnahagslögsögu Íslands. Þetta er langtum lægra hlutfall en hjá öllum öðrum OSPAR ríkjum. Samkvæmt 14. heimsmarkmiðinu og samningnum um líffræðilega fjölbreytni stefndu ríki á að vernda a.m.k. 10% hafsvæða fyrir árið 2020 og í Cascais yfirlýsingu OSPAR ríkja frá

⁹ http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2021/01/20210119_framtid_Breidafjardar_2021.pdf

¹⁰ <https://www.heradsdomstolar.is/Cache/Verdicts/3ba759a9-d070-4b57-aaee-f1023833a2f9.pdf>

¹¹ https://nsv.is/wp-content/uploads/2021/04/2013_Vernd-velferd-og-veidar-LOKA-8-mai-2013.pdf

¹² https://nsv.is/wp-content/uploads/2021/04/2013_Vernd-velferd-og-veidar-LOKA-8-mai-2013.pdf

¹³ <https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vesturland/andakill/>

2021 er kveðið á um að þróa áfram net hafverndarsvæða þannig að það nái yfir allt að 30% hafsvæða árið 2030. Þetta samhengi þarf að draga fram til að sýna að 0,07% telst ekki vera ásættanlegt hlutfall í alþjóðasamvinnu um net verndarsvæða í sjó.

- d) Verkefni Umhverfisstofnunar: Athygli vekur að í umfjöllun um verkefni Umhverfisstofnunar varðandi líffræðilega fjölbreytni á bls. 23-24 er hvergi minnst á það mikilvæga hlutverk stofnunarinnar að stjórna veiðum á villtum dýrastofnum á landi og stuðla að sjálfbærni þeirra veiða. Vonandi er það ekki til marks um áherslur stofnunarinnar. Á hennar vegum starfar samráðshópur um sjálfbærar veiðar, þar sem eiga sæti fulltrúar stofnana og félaga. Hópurinn á að vera stofnuninni til ráðgjafar þegar kemur að sjálfbærum veiðum. Starfsemi hópsins hefur verið í lágmarki undanfarin ár og almennt má segja um stýringu veiða að hún hefur verið mjög lítil, ef frá eru taldar veiðar á rjúpu og hreindýrum, sem byggðar eru á veiðiráðgjöf sem byggir á áreiðanlegri stofnvöktun. Ljóst er að veiðar á sumum fuglategundum eru fjarri því að vera sjálfbærar; einkum veiðar á tegundum sem veiddar eru vegna meints tjóns.¹⁴ Með því að beita áhrifum sínum á því sviði gæti Umhverfisstofnun mögulega náð miklum árangri í að varðveita líffræðilega fjölbreytni.
- e) Í kafla um nytjar á bls. 50 er sagt að hvalveiðar hafi minnkað. Það má til sanns vegar færa ef miðað er við hvalveiðar á 20. öld en árið 2022 voru talsverðar hvalveiðar við Ísland og mun meiri en árin á undan.
- f) Í kafla um tegundahópa þar sem fjallað er um flóru og fungu landsins (athugið að nýyrðið funga, sem sambærilegt er við flóru og fánú, er skrifað með „u“ en ekki „ú“ vegna -ng og -nk reglunnar) segir á síðu 53: „Nauðsynlegt er að fylgjast vel með landnámi og dreifingu framandi plöntutegunda og koma í veg fyrir að útbreiðsla þeirra valdi ekki óæskilegum breytingum á gróðurfari.“ Hér virðist „ekki“ vera ofaukið.
- g) Í kafla um tegundahópa segir á bls. 55: „... flundra virðist vera að ná fótfestu í árósum á Suður- og Vesturlandi“. Þarna gætir ónákvæmni því flundra hefur fyrir löngu náð fótfestu á þessum svæðum og er t.a.m. algeng fæða hafarna í varpi. Í fylgiskjali II kemur fram á bls. 27 að flundra „finnst í sjó, ísöltu vatni og ferskvatni frá sunnanverðum Austfjörðum til Skagafjarðar og hefur náð hér fótfestu“. Náttúrustofa Suðvesturlands hefur fylgst náið með útbreiðslu framandi tegunda í sjó við Ísland.¹⁵
- h) Í kafla um vöktun lífríkis á bls. 55 mætti nefna að mikilvægt er að vakta ágang ferðamanna og möguleg áhrif hans á líffræðilega fjölbreytni, þar á meðal á stofnþætti og atferli dýra.
- i) Texta vantar aftan á niðurlag kafla 3.4.3.
- j) Við upphaf kafla 3.5.2 um þekkingu segir: „Ein stærsta áskorunin varðandi þróun líffræðilegrar fjölbreytni er samþætting vísinda og stefnumótunar.“ Þarna vantar að bæta við að samþætta aðgerðir við vísindalega þekkingu og stefnumótun, þ.e. að aðgerðir byggji á stefnumótun og vísindalegri þekkingu. Ný málsgrein gæti því verið: „Ein stærsta áskorunin varðandi þróun líffræðilegrar fjölbreytni er samþætting vísinda, stefnumótunar og aðgerða.“
- k) Í kafla 3.5.3 um breytingar á landnotkun á bls. 59 vantar að nefna beit og breytingar á henni, sem hefur haft og mun á komandi árum hafa mikil áhrif á íslenska náttúru.

¹⁴ <https://nsv.is/wp-content/uploads/2022/01/Fuglar13-Ranfugl.pdf>

¹⁵ http://www.natturustofa.is/framandi_fiskar.html

- l) Í kafla 3.5.3 um breytingar á landnotkun á bls. 60 segir að áætlanir fyrir landgræðslu og skógrækt séu í vinnslu en þær eru tilbúnar.
- m) Í kafla 3.5.3 um breytingar á landnotkun á bls. 60 er talað um breytingar sem verða í jarðvegi vegna landbúnaðar. Þarna mætti nefna eina algengustu og mestu breytinguna, sem er þurrkun vegna framræslu.

Lokaorð

Samtök náttúrustofa fagna því að nú skuli komin fram *Grænbók um líffræðilega fjölbreytni íslenskra vistkerfa* og telja hana vera mjög mikilvægt og gott fyrsta skref í þá átt að líffræðileg fjölbreytni fái þann sess sem henni ber. Þau taka einnig undir að fræðsla í skólum og á meðal almennings um hugtakið og mikilvægi þess er gríðarlega mikilvæg og forsenda þess að hægt verði að breyta viðhorfum í samfélaginu til hins betra. Í því samhengi þarf líka að fræða um hugtakið sjálfbærni eða sjálfbæra þróun, vegna þess að mikið vantar upp á að almenningur og ráðamenn skilji hugtakið. A.m.k. eru fá hugtök jafn oft misskilin og misnotuð í almennri umræðu, jafnvel í þeim tilgangi að réttlæta framkvæmdir sem ganga freklega gegn líffræðilegri fjölbreytni.

Spennandi verður að fylgjast með framvindunni næstu misseri.

Virðingarfyllst,



Kristín Ágústsdóttir, formaður samtaka SNS 2022